

ANGLÁT

Elisabet Dýrleif Steinþórsdóttir til heimilis að Hverfisgötu 85 andað ist 27. f. m. 54 ára að aldri. Eftirlifandi maður hennar er Jóhann Filipsson. Jarðarför hennar verður gerð á mánudaginn kl. 13.30 frá Fossvogskirkju.

Sigurður Einarsson, til heimilis að Skólátröð 8, Kópavogi, andað ist 1. þ.m. 84 ára að aldri. Eftirlifandi kona hans er Guðrún Árnadóttir. Jarðarför hans verður gerð á mánudaginn kl. 15 frá Fossvogskirkju.

Hæstiréttur hækkaði reikning KEA aftur

Í frétt, sem birtist í Vísi 12. júní um dóm Hæstaréttar í málaferlum Björns Pálssonar alþingismanns og Kaupfélags Eyfirðinga út af smíði bátsins Húna II kom fyrir sú missógn, að Hæstiréttur hefði lækkað smíðareikning KEA umfram það, sem undirrétturinn hafði gert. Hið rétta er, að Hæstiréttur hækkaði reikninginn aftur um tæpar 111 þús und krónur. Hinn umdeildí reikningur nam upphaflega 2.703.873 krónum. Héraðsdómur lækkaði hann í 2.164.277 krónur, en Hæstiréttur hækkaði hann aftur í 2.275.241 krónu.

100 manns misstu vinnuna

— enn eykst atvinnuleysið á Siglufirði — Tunnuverksmiðja ríkisins og Niðurlagningarverk-smiðja SR hættu

Atvinnuleysið á Siglufirði niðurlagningarverksmiðjunni. — Þessir 100 misstu því vinnu um svipað leyti og fóru flestir á skrá. Hraðfrystihúsið hefur þó jafnað metin nokkuð. Siglufjörður hefur í ár verið sá staður landsins, þar sem atvinnuleysi hefur verið hvað mest. Af 180 skráðum atvinnulausum var 94 úthlutað bótum nú um mánaðamótin. Um hina gildir yfirleitt, að þeir hafa ekki náð tilskildum tíma sem þeir hafa verið án vinnu, svo að þeir fái bætur lögum samkvæmt. Atvinnuleysið skiptist þannig: verkakonur 85, verkamenn 75, bilstjórar 11 og verzlunarfólk 9.

Skoda í Kópavogi

Fyrsta bílaumboðið hefur sett aðalbækistöðvar sínar upp í Kópavogi. Það er Skoda-umboðið, sem hefur flutt starfsemi sína í glæsileg húsakynni á Kópavogshálsi austanverðum. Í dag verður fagnað nýjum áttum á nýjum stað í nýjum kaupstað, en myndin sýnir hús Skoda, sem að mestu er úr gleri eins og sjá má og nokkuð nýstárlegt að sjá.



TÁNINGAR! TÁNINGAR!

- Ungfrú „JÓNINA“ fæst í flestum blaðsölu-stöðum.
- Táningablaðið „JÓNINA“ flytur nýjustu fréttir úr pop-heiminum.

Útgefendur.

Naudungaruppboð

sem auglýst var í 1. 4. og 6. tölublaði Lögbirtingablaðsins 1969 á fiskverkunarhúsi í Grindavík, þingl. eign Sjóstjórnumnar hf. fer fram eftir kröfu Innheimtu ríkissjóðs á eigninni sjálfri, miðvikudaginn 9. júlí 1969, kl. 3.00 e.h.

Sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Dómar í næturklúbbamálinu:

45 og 30 daga fangelsi og 65 og 30 þús. kr. sekt

Tveir „næturklúbbamenn“ hafa fengið dóm. Eru það forsvarsmenn Playboy- og Startklúbba. Hreiðar Svavarsson, framreiðslumaður (Playboyklúbbur) hlaut 45 daga fangelsi og 65.000 kr. sekt. Greiði hann ekki sektina, komi 60 daga fangelsi í stað hennar.

Amundi Ámundason (Startklúbbur) hlaut 30 daga fangelsi og 30.000 kr. sekt. Í stað sektarinnar komi 30 daga fangelsi, greiðist hún ekki.

Ekkj féllst dómstóllinn á, að vin birgðir, sem hald var lagt á, skyldu upptækar gerðar.

Dómurinn var kveðinn upp í Sakadómi Reykjavíkur í gær.

Í DAG Í KVÖLD

- SKEMMTISTADIR**
- Tónabær. Opið í kvöld fyrir 15 ára og eldri.
 - Hótel Borg. Hljómsveit Elvars Berg.
 - Tjarnarbúð. Nýju Faxar leika í kvöld.
 - Sigtún. Dansmærin Sabina skemmtir í kvöld. Hljómsveit Gunnars Kvaran, Helga og Einar leika og syngja.
 - Hótel Saga. Haukur Mortens og Hljómsveit.
 - Ingólfs-café. Gömlu dansarnir í kvöld kl. 21. Hljómsveit Garðars Jóhannessonar og Björn Þorgeirsson.
 - Sinfurtunglið. Pops skemmta í kvöld.
 - Hótel Loftleiðir. Hljómsveit Karls Lillendahl og Hjördis Geirs dóttir ásamt tríói Sværris Garðars sonar.
 - Þórscfé. Sókrates leikur í kvöld.
 - Röðull. Hljómsveit Magnúsar Ingimarssonar, Puriður og Vilhjálmur leika og syngja í kvöld.
 - Glaumbær. Roof Tops og Haukar kvóldsins er enski popsöngvarinn Davy Williams.
 - Klúbburinn. Heiðursmenn og Rondó tríó leika í kvöld.
 - Stapi. Trúbrot leikur í kvöld.



Kennarinn okkar hefur stórbatnað — í fyrra, þegar ég var á sama byrjendanámskeiðinu, skildi ég ekki stakt orð í því sem hann var að segja.

VÍSIR fyrir 50 árum

Prófessor Sig. Nordal leggur af stað héðan í dag norður í land og býst við að verða að heiman um tvo mánuði. Hann ætlar að dveljast um nokkrar vikur á Grenjaðarstöðum í Suður-Þingeyjarsýslu. Vísi 5. júlí 1919.

- ÍPRÓTTIR**
- 1. deild, knattspyrna.** Akranesvöllur. Í dag kl 16 leika Akranesingar við Fram. Keflavíkurvöllur. Í dag kl. 16 leika heimamenn við Akureyringa.
 - 2. deild, knattspyrna.** Húsavíkurvöllur. Völsungar og FH leika í dag kl. 16. Grafarnesvöllur. HSH og Breiðablik leika í dag kl. 16.
 - 3. deild, knattspyrna.** Ísafjarðarvöllur. ÍBÍ og Bolungarvík á morgun kl. 16. Blönduósvöllur. HSAH og UMSS leika á morgun kl. 16.
- Dönsku knattspyrnumennirnir frá AB leika síðasta leik sinn hér á landi á morgun og leika þá við úrvalsið landsliðsnefndar. Hefst leikurinn kl. 20.30 á Laugardalsvelli.

- TILKYNNINGAR**
- Háteigskirkja Daglegar kvöldbænir eru í kirkjunni kl. 18.30.
 - Verð fjarverandi í næstu viku. Séra Sig. Haukur Guðjónsson.
 - Vestur-Íslendingar. Munið eftir gestamóti Þjóðræknisfélagsins á Hótel Sögu n. k. mánudagskvöld kl. 8. Vinsamlegast hafið samband í síma 34502 milli kl. 6 og 7 í dag.
 - Konur í Styrktarfélagi vangefina. Sumarferðalagið verður sunnudaginn 6. júlí n.k. Farið verður frá Bifreiðastæðinu við Kalkofnsvegi kl. 8 f. h. stundvíslega.
 - Landspítalásöfnunin 1969. Tekið verður á móti gjöfum og söfnunarfé á Skrifstofu Kvenfélagsambanda Íslands að Hallveigarstöðum, Túngötu 14, alla daga nema laugardaga frá kl. 3—5.
 - Leiðbeiningastöð húsmæðra — verður lokað um óákveðinn tíma vegna sumarleyfa. Skrifstofa kvenfélagsambanda Íslands er opin áframhaldandi alla virka daga nema laugardaga kl 3—5. Sími 12335.

- BANKAR**
- BUNADARBANKI:** Aðalbanki, Austurstr. 5 kl. 9.30-15.30. Austur bæjarútibú, Laugavegi 114. Kl. 10—12, 13—15 og 17—18.30. Miðbæjarútibú, Laugavegi 3. Vesturbæjarútibú Vesturgötu 52, Melautibú, Bændahöllinni og Háaleitisútibú, Armúla 3 kl. 13—18.30. **ÞUNADARBANKI** Lækjargötu 10b kl. 9.30-12.30 og 13.30-16. Grensásútibú, Háaleitisbraut 58-60 kl. 10.30—12 og kl. 14.30—18.30. — **LANDSBANKI:** Austurstræti 11, kl. 10—15. Austurbæjarútibú Laugavegi 77 kl. 10—15 og 17—18.30. Veðdeild á sama stað klukkan 10—15. Langholtsútibú Langholtsvegi 43 og Vesturbæjarútibú við Hagatorg kl. 10-15 og 17—18.30. Vegamótaútibú Laugavegi 15, kl. 13—18.30. **SAMVINNUBANKI:** Bankastræti 7, klukkan 9.30—12.30 og 13.30—16. Innlánsdeildir klukkan 17.30—18.30. **ÚTVEGSBANKI:** Austurstræti og Útibú, Laugavegi 105, kl. 10—12.30 og 13—16. **VERZLUNARBANKI:** Bankastræti 5, kl. 10—12.30, 13.30—16 og 18—19. Útibú Laugavegi 172 klukkan 13.30—19. Afgreiðsla Umferðarmiðstöðinni við Hringbraut, 10.30-14 og 17-19. Sparisjóður alþjóðu: Skólavörðustíg 16, kl. 9—12 og 13—16 alle virka daga á föstudögum er einnig opið kl 17—19. Sparisjóðurinn Pundið: Klapparstíg 27, kl. 10.30—12 og 13.30—15. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis: Skólavörðust. 11 kl. 10—12 og 3.30—6.30. Sparisjóður vélstjóra: Bárugötu 11, klukkan 15—17.30. Sparisjóður Kópavogs: Digranesvegi 10 klukkan 10—12 og 16—18.30, föstudaga til kl. 19 en lokað á laugardögum. Sparisjóður Halnarfjarðar: Strandgötu 8—10 kl. 10—12 og 13.30—16.